



## **Fundargerð**

329. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps  
Fimmtudaginn 20. október 2011, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Gústaf Jökull Ólafsson forfallaðist á síðustu stundu. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka fjögur mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## **Dagskrá:**

### **Fundargerðir**

#### **1. 328. fundur hreppsnefndar 8. september 2011.**

*Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt.*

#### **2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 17. október 2011.**

*Farið yfir fundargerð;*

*Liður 1 – Mál 1110022 Reykhólar 139639, skipting lands. Samþykktur.*

*Liður 2 – Mál 1105005 Stígagerð í Flatey. Tillaga nefndarinnar samþykkt.*

*Liður 3 – Mál 1110006 Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 og deiliskipulag fyrir Vestfjarðarveg. Samþykktur*

*Liður 6 – Tillögur af lóðum. Samþykktur.*

*Liður 7 – Lóðarúthlutun í Flatey. Samþykktur*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

#### **3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 6. október 2011**

*Farið yfir fundargerð.*

*Liður 2 – Sorpsvæði Reykhólahrepps, framkvæmdaráætlun 2012- 2014 samþykkt.*

*Liður 3 – Ósk um samning um minkaveiði í Reykhólahreppi. Samþykktur.*

*Liður 4 – Girðingar innan þorpsins. Samþykktur.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

#### **4. Mennta- og menningamálanefnd 12. október 2011**

*Farið yfir fundargerð.*

*Liður 3 – Ósk um styrk. Tillaga nefndarinnar samþykkt.*

*Liður 4 – Efling tónlistarnáms. Hreppsnefnd barst ein umsókn vegna náms við tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags og var henni hafnað á þeim grundvelli að ekki er fyrirséð um endurgreiðslur frá Jöfnunarsjóði og þau verkefni sem leggjast á sveitarfélögin í staðinn. Á meðan engin tónlistarskóli er í Reykhólahreppi telur sveitarstjórn ekki réttlætanlegt að greiða fyrir nám eins einstaklings.*

*Sveitarstjórn barst erindi frá Steinunni Rasmus dagsett 17. október 2011, þar sem hún fer frá að að hreppsnefnd endurskoði ákvörðun sína.*

*Sveitarstjórn áréttar fyrri skoðun sína varðandi málið.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### **Mál til afgreiðslu:**

**1. 1109008 - Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011.**

*Fyrri umræða.*

*Liðurinn færður aftur í dagskrá þar sem áætlun hafði ekki borist frá endurskoðanda. Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjóri lagði fram til fyrri umræðu endurskoðaða fjárhagsáætlun vegna ársins 2011. Helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun er áætlun um málefni fatlaðra, en við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 höfðu tölur ekki borist um umfang málaflokksins, eða greiðslur vegna hans. Endurskoðaðri áætlun vísað til seinni umræðu.*

**2. 1104027 - Ímyndaherferð Vestfjarða.**

*Erindi og samningur frá Markaðsstofu Vestfjarða dagsett 19. september 2011.*

*Samningur og þriggja ára áætlun um styrkingu ímyndar Vestfjarða í samvinnu við sveitarfélögin á Vestfjörðum, Vaxtasamning Vestfjarða og fyrirtæki í fjórðungnum. Sveitarstjóra falið að skrifa undir samning fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1110007 - Útleiga á Reykhólaskóla sumarið 2012.**

*Uppgjör vegna sumarsins 2011, sveitarstjórn samþykkir bætur vegna daganna 15 – 22. ágúst. Sveitarstjóra falið að kanna möguleika á útleigu fyrir sumarið 2012. Samþykkt samhljóða.*

**4. 1110008 - Ósk um styrk.**

*Erindi frá starfsfólki Barmalíðar dagsett 4. október 2011.*

*Sveitarstjórn beinir því til forstöðumanna stofnanna sveitarfélagsins að við áætlunargerð, geri þeir ráð fyrir kostnaði sem þessum, svo ekki þurfi að koma til aukafjárveitinga. Erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.*

**5. 1110017 - Fjárlaganefnd Alþingis.**

*Erindi frá skrifstofu Alþingis dagsett 5. október 2011.*

*Gústafi Jökli Ólafssyni, Eiríki Kristjánssyni og sveitarstjóra falið að bera málefni sveitarfélagsins undir fjárlaganefnd. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1110019 – Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga árið 2011.**

*Fundarboð, fundurinn verður haldinn í Mosfellsbæ þann 27. október 2011.*

*Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir verður fulltrúi Reykhólahrepps á fundinum, samþykkt samhljóða.*

## Til kynningar

### **7. 1109038 – Ályktun Reykhólahrepps um vegamál.**

*Samþykkt ályktun hreppsnefndar sem send var innanríkisráðherra, Vegagerðinni og fjölmiðlum lögð fram. Jafnframt var eftirfarandi bókun gerð;*

*Hreppsnefnd Reykhólahrepps fer fram á að vinna verði hafin við gerð formats umhverfisáhrifa á svokallaðri leið A yfir Þorskafjörð.*

*Sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri við innanríkisráðherra og þær stofnanir er málið varðar.*

### **8. 1108036 - Eignarhlutur í Vesturferðum ehf.**

*Hlutaskírteini Reykhólahrepps í Vesturferðum ehf. lagt fram.*

### **9. 1110009 - Samstarf um barnavernd.**

Bókun frá fundi Barnaverndarnefndar Húnaþings Vestra og Héraðsnefndar Strandasýslu, afgreiðsla dagsett 22. september 2011.

*Kynnt. Í bókuninni kemur fram að nefndin mæli með að Reykhólahreppur komi inn í samstarf Húnaþings vestra og Héraðsnefndar Strandasýslu.*

### **10. 1110010 - Þingmannafundur 27. október 2011.**

Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 5. október 2011.

*Kynnt.*

### **11. 1110011 - Fjármál sveitarfélaga.**

Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dagsett 21. september 2011.

*Kynnt.*

### **12. 1109029 - Aðgerðaráætlun sveitarfélaga um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum.**

Erindi frá Velferðarráðuneyti dagsett 9. september 2011.

*Kynnt, vísað til velferðarnefndar.*

### **13. 1109037 - Landáætlun um meðhöndlun útgangs.**

Erindi frá Umhverfissráðuneytinu dagsett 26. september 2011.

*Kynnt.*

### **14. 1110016 – Áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga.**

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. september 2011.

*Kynnt.*

### **15. 1110012 - Ársskýrsla Brunamálastofnunar 2010.**

Skýrsla lögð fram á fundi.

*Lögð fram.*

**16. 1105020 - Efling atvinnu og byggðar á Vestfjörðum.**

Samráðsfundur 30. ágúst 2011.

*Fundargerð lögð fram.*

**17. 1110013 - Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 16. september 2011.**

*Fundargerð lögð fram.*

**18. 1110014 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 8. september 2011.**

*Lögð fram.*

**19. 1110015 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 27. september 2011.**

*Lögð fram.*

**20. 1110018 – Fundargerð 789. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**21. 1110023 - Viðgerð á bryggju í Króksfjarðarnesi.**

Erindi frá Icelandic Mussel Company ehf. og Nesskel ehf. dagsett 17. október 2011 og áætlun um starfssemi fyrirtækjanna í Króksfjarðarnesi.

Sveitarstjórn fagnar uppbyggingu í Króksfjarðarnesi og áformum um framtíðar atvinnuuppbyggingu og tekur jákvætt í erindið.

**22. 1110024 - Fæðiskostnaður í Reykhólaskóla.**

Erindi frá stjórn foreldrafélags Reykhólaskóla dagsett 17. október 2011. Óskað er eftir því að foreldrar fái að njóta þess ef mismunur er á seldu fæði og aðkeyptu hráefni sem er grundvöllur fyrir gjaldi, eins er spurt um aðferð við deilingu gjalds á mánuði ársins.

*Foreldrar greiða fyrir hráefniskostnað vegna mötuneytis í skólunum, sveitarfélagið leggur til starfsmenn og aðstöðu. Mötuneytiskostnaður deilist jafnt niður á 9 mánuði í skólanum og 11 mánuði í leikskólanum. Sveitarstjórn mun endurskoða mötuneytisgjald við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012.*

**23. 1109041 – Uppsögn á samningi um Kötluland.**

Boð um lokagreiðslu og gerð samnings fyrir árin 2012 og 2013. Erindi frá Reyni Þór Valgarðssynir fh. Jónasar Samúelssonar dagsett 18. október 2011.

*Sveitarstjóri lagði fram uppsagnarbréf hreppsins á samningi um Kötluland og bréf Reynis Þórs. Sveitastjórn hafnar erindinu með þremur greiddum atkvæðum. Sveitarstjórn hefur auglýst greiðslumark jarðarinnar til sölu.*

**24. 1109001 – Stofnsamningur fyrir Bata og hlunnindasafn.**

Frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir stofnsamning um Bata og hlunnindasafn Breiðafjarðar samhljóða.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.00**
